



300. Stjórnarfundur haldinn 21. nóvember 2007 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá Lögreglustjóra Suðurnesja v/ að hætt sé við rannsókn á Lögreglumáli nr. 008-2007-03368. Skemmdir á sætum í stúku. *Framsenda til knattspyrnudeildar.*

3. Send bréf.

Bréf til Íþróttaráðs v/ þarfagreiningu á nýrri búningaþstöðu við Keflavíkurvöll.

4. Jólblað.

Verið er að vinna í blaðinu. Opnuviðtal við Þorstein Erlingsson. Flestar deildir búnar að skila inn greinum. Auglýsingar að verða klárar. Stefnt að því að blaðið verði borið út 8. og 9. desember.

5. Forvarnardagurinn.

Keflavík tók virkan þátt í forvarnardegnum. Tókum að okkur að manna þrjá skóla Holta-, Heiða- og Myllubakkaskóla. Holtaskóli afþakkaði fulltrúa frá okkur en SG fór í Myllubakkaskóla og EH í Heiðarskóla þar sem þeir kynntu starfsemi félasins jafnframt því að vera hópstjórar.

6. Önnur mál.

EH sagði frá því að Bókin Vormenn Íslands kæmi út 29. nóv. og í tilefni þess hefur forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson boðið til kaffisamsætis að Bessastöðum. EH mun þekkjast boðið.

KG greindi frá fundi sem hann sat með fulltrúum Fasteigna ehf, RNB og fimleikadeildarinnar vegna fyrirhugaðrar byggingar á nýju fimleikahúsi sem á að rísa á svæðinu fyrir aftan Reykjaneshöllina.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 6. des. Kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

